



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Hvað er viðurkennt safn?

Starfsemi og ábyrgð

Innihald

Úr safnalögum nr. 141/2011	2
Skilyrði viðurkenningar.....	4
Safnaráð – skilyrði viðurkenningar.....	4
Hlutverk safnstjóra	7
Hlutverk stjórnar.....	7
Eftirlit með viðurkenndum söfnum	8
Um lok starfsemi viðurkenndra safna í safnalögum nr. 141/2011:	8

Úr safnalögum nr. 141/2011

■ 3. gr. *Hlutverk safna.*

- Söfn í skilningi laga þessara eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.
- Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.
- Söfn skulu stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra.

Viðurkennt safn er safn sem hefur farið í gegnum viðurkenningarferli safnaráðs.

Samkvæmt [10. gr. safnalaga nr. 141/2011](#) þurfa viðurkennd söfn að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnaði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.

5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

Samkvæmt safnalögum er hlutverk safnaráðs að fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra. Auk þess skal safnaráð setja skilmála varðandi húsnæði, öryggismál, aðgengi, skráningarkerfi og faglegt starf sem söfn verða að uppfylla til að fá viðurkenningu safnaráðs. Viðurkenningin er forsenda þess að söfn geti sótt um rekstrarstyrk úr safnasjóði og eingöngu viðurkennd söfn geta orðið ábyrgðarsöfn. Markmiðið með viðurkenningunni er að efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, veita fólki aðgang að honum og stuðla að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn.

Safnaráð skal hafa eftirlit með starfsemi viðurkenndra safna og uppfylli safn ekki skilyrði viðurkenningar getur safnaráð sent tillögu til ráðherra um afturköllun viðurkenningarinnar.

Viðurkennd söfn nota einkennismerki viðurkenndra safna sem sjá má hér að ofan.

Árlegur skilafrestur umsókna um viðurkenningu er a.m.k. 31. ágúst ár hvert.

Nánar má lesa um [skilyrði safnaráðs fyrir viðurkenningu safns](#) sem voru samþykkt á fundi ráðsins 17.09.2013.

Skilyrði viðurkenningar

Safnaráð – skilyrði viðurkenningar

Samþykkt á fundi ráðsins 17.09.2013

Með safnalögum nr. 141/2011 fékk safnaráð það hlutverk að fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra. Auk þess skal safnaráð setja skilmála varðandi húsnæði, öryggismál, aðgengi, skráningarkerfi og faglegt starf sem söfn verða að uppfylla til að fá viðurkenningu safnaráðs. Viðurkenning safnaráðs er forsenda þess að söfn geti sótt um rekstrarstyrk úr safnasjóði og eingöngu viðurkennd söfn geta orðið ábyrgðarsöfn. Markmiðið með viðurkenningunni er að efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, veiti fólki aðgang að honum og stuðla að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn.

Safnaráð skal hafa eftirlit með starfsemi viðurkenndra safna og uppfylli safn ekki skilyrði viðurkenningar getur safnaráð sent tillögu til ráðherra um afturköllun viðurkenningar.

Skilyrði viðurkenningar skv. 10. gr. safnalaga nr. 141/2011, ásamt nánari útfærslu sem byggir á öðrum ákvæðum laganna, siðareglum ICOM auk annara laga og reglugerða, eru eftirfarandi:

1. **Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.**
 - a. Safnaráð skilgreinir eðlilegan fjárhagsgrundvöll með eftirfarandi hætti: að safnið hafi bolmagn til standa undir faglegri starfsemi í samræmi við skilyrði safnaráðs
2. **Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda.** Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs. Safnaráð mun gefa út leiðbeiningar um innihald skýrslunnar.
3. **Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011.** Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins og með hvaða hætti verður komið til móts við ákvæði safnalaga um lok starfsemi og ráðstöfun eigna og safnkosts. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda (sjá ¹).
4. **Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um**
 - a. **Húsnæði**
 - i. safnið skal hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti og skila afriti af því til safnaráðs sé þess óskað.

- ii. eldvarnareftirlit skal gera reglulegar úttektir á húsnæði safnsins, afriti af umsögn eldvarnareftirlits skal skilað til safnaráðs sé þess óskað.
 - iii. Skilyrði í sýninga-og geymsluhúsnæði skulu vera með þeim hætti að langtímaráðveisla gripa sé tryggð (sjá ²)
 - b. **Öryggismál**
 - i. Safnið skal hafa öryggiskerfi í lagi, viðvörðunarkerfi vegna bruna, innbrota og raka. Staðfestingu á virkni öryggiskerfa skal skilað til safnaráðs sé þess óskaðs.
 - ii. Safnið skal hafa eftirlit með ljósmagni, hitastigi og rakastigi í húsakynnum sínum, mælingar skulu skráðar reglulega og upplýsingum skilað til safnaráðs sé þess óskað.
 - iii. Safn skal hafa neyðaráætlun, fyrir starfsfólk, gesti og safnkost (sjá ³) og skila afriti af þeim til safnaráðs sé þess óskað.
 - c. **Skráningarkerfi safnmuna**
 - i. Kerfi sem notuð eru til skráningar gagna hjá viðurkenndum söfnum skulu að lágmarki uppfylla skilmála safnaráðs um skráningarkerfi eins og þeir koma fram á heimasíðu safnaráðs. Uppfylli skráningarkerfi ekki skilmála safnaráðs skal safn senda safnaráði tímasetta áætlun um úrbætur sem ráðið tekur afstöðu til.
 - ii. sjá sérstakan gátlista útgefinn af safnaráði
 - d. **Faglega starfsemi (skv. 3 og 14. gr. safnalaga)**
 - i. Söfnun
 - Safn skal starfa eftir söfnunarstefnu sem birt er opinberlega
 - ii. Skráning
 - Safn skal fara eftir leiðbeiningum höfuðsafns um skráningu (sjá ⁴)
 - iii. Varðveisla
 - Safn skal fara eftir leiðbeiningum höfuðsafns um varðveislu og fyrirbyggjandi forvörslu (sjá ⁵)
 - iv. Safn skal skila höfuðsafni stefnumörkun um starfsemi sína á fjögurra ára fresti.
 - v. Safn skal vera opið almenningi á auglýstum opnunartíma.
 - e. **Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns** skulu vera aðgengilegar almenningi.
 - f. **Safn skal stunda rannsóknir, miðlun og taka þátt í samstarfi, svæðisbundið, á landsvísu og alþjóðlega.**
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
 6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
 7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.

8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

Athugið:

- Safnaráð áskilur sér rétt til að endurskoða þennan lista og útfæra hann í takti við þær breytingar sem kunna að verða á faglegum mælikvörðum, lögum og reglugerðum.
- Safnaráð mun í mati sínu á umsóknum um viðurkenningar taka tillit til sérstakra aðstæðna sem kunna að vera til staðar séu þær rökstuddar með fullnægjandi hætti og áætlun um úrbætur sett fram.
- Í þeim tilvikum sem höfuðsafn á viðkomandi sviði hefur ekki gefið út viðmið eða leiðbeiningar skulu söfn fara eftir leiðbeiningum frá öðrum höfuðsöfnum, eftir því sem við á.

-
1. Sjá leiðbeiningar safnaráðs um stofnskrár sem finna má [hér](#).
 2. Sjá leiðbeiningar í bók Þjóðminjasafns Íslands: [Handbók um varðveislu safnkosts](#).
 3. Sjá leiðbeiningar í bók Þjóðminjasafns Íslands: [Handbók um varðveislu safnkosts](#).
 4. Sjá leiðbeiningar höfuðsafna um skráningu sem finna má á vefsíðu safnaráðs ([fyrir menningarminjasöfn](#) og [fyrir listasöfn](#)).
 5. Sjá leiðbeiningar í [Handbók um varðveislu safnkosts](#) og Leiðbeiningar um faglega forvörslu safngripa frá Þjóðminjasafni Íslands sem finna má á [vefsíðu safnaráðs](#)
 6. Fara skal eftir viðmiðum höfuðsafna eins og þau eru sett fram í safnastefnum þeirra.

Hlutverk safnstjóra

Hlutverk safnstjóra er m.a.

- Safnstjóri starfar í umboði stjórnar (og/eða eiganda).
- Safnstjóri hefur sjálfstæði til þess að taka ákvarðanir fyrir safnið innan samþykktis fjárhagsramma, varðandi starfsmannamál, söfnun, lán á minjum og vinnur í nánum tengslum við stjórn safnsins að stefnumótun.
- Safnstjóri ber ábyrgð á rekstri safns og faglegum þáttum starfseminnar gagnvart stjórn þess.
- Safnstjóri hefur aðgengi að eigenda/eigendum safnsins.
- Safnstjóri fylgir siðareglum ICOM.

Hlutverk stjórnar

Hlutverk stjórnar safns er m.a. að

- Tryggja safninu viðunandi starfsumhverfi og starfsmönnum viðunandi starfsaðstöðu.
- Tryggja að safnið starfi að lögum.
- Tryggja fjármögnun.
- Tryggja stefnumótun.
- Tryggja sjálfstæði safnsins.
- Tryggja að safnstjóri sé faglega hæfur, uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð.
- Semja og staðfesta stofnskrá
- Stjórn safns fylgir siðareglum ICOM.

Eftirlit með viðurkenndum söfnum

Samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 er safnaráði falið að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum safnaráðs um starfsemi viðurkenndra safna.

Eftirlit safnaráðs með viðurkenndum söfnum er þrjúþætt:

1. **Eftirlit með rekstri safns**

Þetta er árlegt eftirlit sem er framfylgt með því að viðurkennd söfn skila *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* til safnaráðs.

2. **Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum**

Þetta eftirlit fer fram á nokkurra ára fresti og er framkvæmt af eftirlitsnefnd safnaráðs. Er því framfylgt á þann hátt að viðurkennd söfn skila eftirlitseyðublöðum safna, fá í kjölfarið matskýrslu frá eftirlitsnefnd safnaráðs og að lokum með heimsókn eftirlitsnefndar á staðinn. Er þessi hluti eftirlitsins þróaður í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, höfuðsafn á sviði menningarminja og hófst þessi hluti eftirlitsins árið 2016. Það ár fengu 13 söfn tilkynningu um eftirlit, árið 2017 fengu 8 söfn tilkynningu og árið 2018 fá 20 söfn tilkynningu um eftirlit. Gert er ráð fyrir því að þau söfn sem eftir standa fái tilkynningu um eftirlit í byrjun árs 2019.

3. **Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum.**

Framfylgt með úttekt sérfræðinga á staðnum og á gögnum eftir þörfum.

Um lok starfsemi viðurkenndra safna í safnalögum nr. 141/2011:

■ **12. gr. Lok starfsemi og ráðstöfun eigna og safnkosts.**

□ Í stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal kveðið á um ráðstöfun eigna þess og safnkosts verði safnið lagt niður eða rekstrarformi þess breytt. Hafi viðurkennt safn notið opinberra styrkja skv. 11. eða 22. gr. skal safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykktar og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.